

Sp. 352. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]
um héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á byggingu héraðsskóla á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra og fjárhaldsmanns skólanna eru nú allir héraðsskólar í landinu yfirfullir, og þeir unglingar skipta hundruðum, sem ekki fengu inngöngu í skólana. Eftir að Samvinnuskólinn var gerður að heimavistarskóla í sveit, jókst aðsókn að honum mjög, og hefur að jafnaði ekki komið í skólann nema helmingur þeirra, er þreytt hafa inntökupróf, auk hinna, er hugðu á skólavist, en treystu sér ekki til að þreyta prófið.

Af þessu er augljóst, að þörf fyrir heimavistarskóla í sveit fyrir unglunga er mikil og hefur verið vaxandi síðustu ár, m. a. vegna hraðvaxandi fjölda unglunga á skólaaldri. Þær röksemdir, er í fyrstu voru færðar fram fyrir héraðsskólahreyfingunni, hér á landi, eru enn í fullu gildi.

Þegar hefur orðið of langt hlé á byggingu héraðsskóla í landinu, og er tími til kominn að halda þar áfram. Þess vegna er þessu máli hreyft á Alþingi og um leið bent á mjög æskilega staðsetningu næsta héraðsskólans, á Snæfellsnesi. Koma þar margir staðir til greina, t. d. Búðir, svo og aðrir staðir, þar sem miklar líkur eru á nægu heitu vatni, ef það er talið óhjákvæmilegt.

Mikið hefur verið talað um að sameina heimavistarskóla í sveit gistihúsarekstri á sumrin. Í sumum hinna eldri héraðsskóla er reynsla af þessu misjöfn, en Bifröst sýnir, hvernig hægt er að sameina þetta tvennt, ef fyrir því er hugsað frá upphafi.